

Nd.

365. Frumvarp til laga

um eyðingu svartbaks og hrafns.

Flm.: Sigurður Kristjánsson, Bergur Jónsson.

1. gr.

Næstu tvö ár (24 almanaksmánuði) eftir gildistöku laga þessara skal greiða eina krónu fyrir dráp hvers svartbaks (veiðibjöllu) og hvers hrafns.

Sá, er drepíð hefir vargfugla þá, er hér greinir, skal sanna það fyrir hreppstjóra, sýslumanni eða bæjarfógeta, vilji hann hljóta laun fyrir samkv. ákvæðum þessarar greinar.

2. gr.

Ríkissjóður greiðir laun þau, er 1. gr. ákveður. En sýsla og hreppur, sem vargfuglar þessir eru drepnir í, skulu greiða ríkissjóði: sýslan 25% og hreppurinn 20% af launinum. Auk þess skulu þeir, er æðardúnstekjur hafa, greiða ríkissjóði 50 aura fyrir hvert hreinsað kg. af æðardún, er þeim fellur næstu 5 ár eftir gildistöku laga þessara.

3. gr.

Sá, sem eyða vill svartbak eða hröfnum með skotum, má gera það hvar sem er. Þó má það ekki gera á friðlýstum varplöndum né í nánd þeim, né heldur á friðlýstum höfnum, nema leyft sé af þeim, er þar á að ráða.

4. gr.

Skytt er hverjum búanda að eyða eggjum svartbaks og hrafns á ábýlislandi sínu og öðrum þeim löndum, er hann ræður yfir. Vanræksla þessarar skyldu varðar sektum, 50—300 kr. Sektir renna í sjóð sveitar þeirrar, er hlut á að máli.

5. gr.

Meðan lög þessi eru í gildi, er frestað framkvæmd laga nr. 66 23. júní 1936.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar.

Greinargerð.

Veiðibjöllu og hrafni virðist fjölga mjög ört. Eru vargfuglar þessir orðnir landplága. Sýnilegast tjón vinna þeir í friðlýstum varplöndum, og er alveg augljóst, að þeir muni að mestu eða öllu leyti uppræta æðarvarp á landi hér á næstu áratugum, ef ekki verða gerðar alveg sérstakar ráðstafanir til að eyða þeim. Vitnisburðir þeirra, sem búa á varpjörðum eða í nágrenni við þær, eru örugg sönnun á þessu. En eigi þarf þeirra við til þess að komast að raun um, hvert stefnir í þessu efni. Hagskýrslur sýna, að arður af æðarvarpi hér á landi fer þverrandi, þrátt fyrir aukna kunnáttu í friðun og hirðingu varplanda.

Árið 1912 var útfluttur æðardúnn 4187 kg. En árið 1937 var flutt út aðeins 2491 kg. Hagskýrslurnar sýna, að þverrunin hefir orðið langörust síðastl. áratug.

Fjárhagslega og menningarlega séð væri það verulegt tjón, ef æðarvarp yrði upprætt hér á landi. Þó er það ekki einasta tjónið, sem veiðibjalla og hrafn valda. Annað fuglalíf fer mjög þverrandi, sérstaklega fækkar mjög vaðfuglum, andfuglum og rjúpum. En fuglategundir þessar eru til mikils yndisauka og nokkurs arðs.

En veiðibjalla lætur ekki við það sitja að leggjast á fugla. Er hún orðin umsvifamikill lambamorðingi, svo að á sumum jörðum drepum hún tugi lamba hvert vor.

Alþingi 1936 setti lög um eyðingu svartbaks (veiðibjöllu). Lög þessi hafa ekki borið þann árangur, sem til var ætlað. Mun aðalorsökin sú, að það fé, sem til höfuðs þeim er lagt samkv. þeim lögum, er of lítið. Höfum við flm. þessa frv. því tekið það ráð að hækka talsvert verðlaunin fyrir dráp þessara vargfugla, jafnframt að gera það frjálst hverjum manni að stunda veiðar þeirra fyrir það fé, sem til höfuðs þeim er lagt.

Gera má ráð fyrir, að af frumvarpinu, ef að lögum verður, leiði fyrst í stað nokkru meiri útgjöld fyrir ríkissjóð heldur en til er stofnað með lögnum frá 1936. En á það ber að líta, að þetta er ætlað til verndunar fornri og arðberandi atvinnugrein, og til þess að vernda náttúrugæði, sem bæði eru til menningar og þróði.

Frumvarpið gerir ráð fyrir, að lögín verði í gildi aðeins tvö ár, og að þá komi aftur til framkvæmda lögín frá 1936. Með þessu vilja flutningsmenn tryggja það, að landhreinsun þessari, sem til er stofnað með frumvarpinu, verði lokið á stuttum tíma.